

Til:

Zürich, Sviss, 21.11.2020

Nefndasviðs Alþingis

Efnahags- og viðskiptanefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun sjálfbærrar iðnaðarstefnu (151. löggjafarþing, 44. mál)

Með tillögu þessari er lagt til að Alþingi álykti að fela ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að koma á fót nefnd sem vinni að opinberri iðnaðarstefnu fyrir Ísland. Í því samhengi er rétt að benda á eftirfarandi:

- Mörg önnur lönd hafa, með góðum árangri, skipulagt og sett upp opinbera iðnaðarstefnu í gegnum tíðina. Má nefna t.d. Bandaríkin, Bretland, Þýskaland, Japan, Kína, Suður Kóreu og Sviss. Öll þessi lönd byggðu upp og styrktu iðnað í sínum hagkerfum með viðkomandi stefnum, sem allar voru séraðlagaðar að aðstæðum landanna á þeim tíma sem þær voru þróaðar.
- Mikil þróun er á sviði reglugerða innan Evrópu er varðar umhverfisáhrif iðnaðar og almennrar efnahagslegrar starfsemi. Framleiðendur og neytendur um allan heim eru einnig betur upplýstir en áður um nauðsyn sjálfbærrar framleiðslu, þ.m.t. iðnaðarframleiðslu. Þessar reglugerðir og breytingar á neysluvenjum munu hafa áhrif á Íslandi, beint og óbeint, og íslenskt hagkerfi þarf að vera í stakk búið til að aðlagast nýjum veruleika þar sem aukið tillit er tekið til umhverfisáhrifa. Opinber sjálfbær iðnaðarstefna getur aðstoðað íslensk fyrirtæki við að bregðast við þessum raunveruleika og bætt hagsæld á Íslandi til langs tíma.
- Opinber iðnaðarstefna hefur ekkert að gera með skyldur, álögur eða „fimm ára áætlanir“. Að móta opinbera iðnaðarstefnu er því hvorki átroðningur stjórnvalda á einkageirann né ofþensla hins opinbera. Þvert á móti myndi opinber iðnaðarstefna minnka óvissuna um stefnu íslenskra stjórnvalda í þessum málum. Slíkt hjálpar einkageiranum og íslenskum iðnaði við að þróast betur og hraðar á réttan hátt, sem fyrirtækin sjálf telja rétt að gera, svo hann sé samkeppnishæfur á sviði alþjóðlegra viðskipta.

Í ljósi augljósra kosta og góðrar reynslu annarra landa af vel útfærðum opinberum iðnaðarstefnum er eindregið mælt með því að þingsályktunin sé samþykkt.

Virðingarfyllt,

Dr. Ólafur Margeirsson, hagfræðingur